

Fundargerð 434

Föstudaginn 13. nóvember 2015 kl. 14:00 hélt stjórn Byggðastofnunar símafund. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Herdís Sæmundardóttir stjórnarformaður, Einar E. Einarsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Oddný María Gunnarsdóttir, Valdimar Hafsteinsson, Karl Björnsson og Páll Baldursson.

Auk þeirra sátu fundinn Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs og Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri og ritar hann fundargerð.

Eftirfarandi mál voru á dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Meðferð biðlána vegna beinu brautarinnar
3. Aflamark Byggðastofnunar – Tálknafjörður og Bakkafjörður
4. Fundargerðir lánanefndar
5. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar nr. 433.

Lögð fram og samþykkt samhljóða.

2. Meðferð biðlána vegna beinu brautarinnar.

EGK gerði grein fyrir minnisblaði sínu um biðlán vegna beinu brautarmála hjá Byggðastofnun. Í minnisblaðinu er gerð grein fyrir öllum biðlánunum sem stofnunin veitti í tengslum við beinu brautar átakið og afdrif þeirra.

...

3. Aflamark Byggðastofnunar vegna Tálknafjarðar.

Auglýst var eftir umsóknum um Aflamark Byggðastofnunar í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu þann 3. október sl. og á heimasíðu Byggðastofnunar þann 2. október sl. Umsóknarfrestur var til hádegis mánudaginn 19. október. Tvær umsóknir bárust vegna Tálknafjarðar. Með umsókn Odda hf. og útgerða á Tálknafirði reynir í fyrsta skipti á ákvæði um vinnusóknarsvæði 7.gr. reglugerðar nr. 606/2015 um Aflamark Byggðastofnunar. Þar segir: *“Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til aflamarks Byggðastofnunar til vinnslu innan hlutaðeigandi vinnusóknarsvæði á viðkomandi fiskveiðiári og í samræmi við samning sem liggur til grundvallar úthlutun.”*

Umsóknin samþykkt. Með því að styrkja fiskvinnslu á Patreksfirði, sem er í 18 km. fjarlæg frá Tálknafirði og á sama vinnusóknarsvæði, er gert ráð fyrir að það verði hægt að viðhalda 15 af þeim störfum sem tapast á Tálknafirði og treysta stöðu fiskvinnslu á vinnusóknarsvæðinu á sunnanverðum Vestfjörðum. Einnig rennir það styrkari stöðum undir útgerð þeirra báta sem gera út frá Tálknafirði. Umsóknin er í samræmi við ákvæði 7. gr. reglugerðar nr. 606/2015 og bókun stjórnar Byggðastofnunar frá 10. apríl 2015.

Aflamark Byggðastofnunar vegna Bakkafjarðar.

Auglýst var vegna aflamarks á Bakkafirði á heimasíðu Byggðastofnunar 23. október sl. í dagblöðunum 24. október. Umsóknarfrestur rann út á hádegi mánudaginn 9. nóvember

sl. Þrjár umsóknir bárust frá Marinó Jónssyni ehf. Halldóri fiskvinnslu ehf. og frá Toppfiski ehf. og samstarfsaðilum. Lagt er til að öllum umsóknum verði vísað frá þar sem þær uppfylla ekki þær kröfur sem gerðar eru. Samþykkt og forstjóra falið að auglýsa að nýju vegna Bakkafjarðar.

4. Fundargerðir lánanefndar

- *Fundargerð 32/15 dags. 29. október 2015. Fundargerðin staðfest.*
- *Fundargerð 33/15 dags. 6. nóvember 2015. Fundargerðin staðfest*
- ...
- *Fundargerð 34/15 dags. 11. nóvember 2015. Fundargerðin staðfest*
- ...

5. Kauptilboð í Hafnarstræti 26, Akureyri.

...

6. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 14. desember nk. í Reykjavík.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00
Aðalsteinn Þorsteinsson, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____